


# Ólafsfjarðarfjöll



Gönguleiðir  
um Ólafsfjörð og nágrenni



## Formáli.

Tröllaskaginn hefur hálandissvæðið milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar gjarnan verið nefnt, Ólafsfjarðarfjöll eru hluti þessa svæðis, margar fornar gönguleiðir liggja um þessi fjöll um dali og skörð, hér getur fólk valið um stuttar og langar gönguferðir um stórbrotið landslag og notið óspilltrar náttúru og víðsýni af fjöllum. Rit þetta er ætlað til að fólk geti betur notið þess alls sem þetta svæði hefur að bjóða.

Lýsingar þær sem hér um ræðir voru skrifaðar fyrir Ferðafélag Íslands og voru birtar í árbók þess árið 1990, félagið hefur góðfúslega gefið leyfi fyrir sérútgáfu þessari, svo og höfundar greinanna, þeir Björn Þór Ólafsson, Ólafsfirði sem skrifað hefur um Ólafsfjarðarfjöll og Þ. Ragnar Jónasson, Siglufirði sem skrifað hefur um Hvanndali og Héðinsfjörð.

Kápumynd er eftir Sölva Ingimundarson, Ólafsfirði.

Öllum þessum aðilum vil ég færa sérstakar þakkir svo og öðrum sem gerðu útgáfu þessa mögulega.

Ólafsfirði 8. júlí 1996

Gunnlaugur J. Magnússon,  
formaður ferðamálaráðs Ólafsfjarðar

# Ólafsfjarðarfjöll

*eftir Björn Þór Ólafsson*

Ærið er bratt við Ólafsfjörð,  
ógurleg klettahöllin;  
teygist hinn myrki múli fram,  
minnist við boðaföllin;  
kennd er við Hálfðan hurðin rauð,  
hér mundi gengt í fjöllin;  
ein er þar kona krossi vígð  
komin í bland við tröllin.

*Jón Helgason*

Kvæðið sem hér er vitnað í lýsir mjög vel allri umgjörð Ólafsfjarðar, sem er fjöllum girtur á þrjá vegu og mörg ná þessi fjöll yfir 1000 m hæð. Fyrir aðkomumann sem alinn er upp við meira vefsýni getur fjörðurinn virkað þrúgandi, en fjallafegurðin er svo mikil að slíkt gleymist fljótt.

Steindór Steindórsson kynnir Ólafsfjörð m.a. svo í bók sinni, Lýsing Eyjafjarðar:

Við Ólafsfjarðarmúla má segja, að hinar eiginlegu eyfirsku byggðir þrjóti. Þau byggðarlög sem þar eru fyrir norðan eru með allt öðrum svip en innhéraðið, sem skapast af því að hér er aðeins um að ræða stutta dali og þrönga cr ganga inn frá smáfjörðum. Strandlengjur eru hér engar heldur rísa fjöllin snarbrött upp frá fjörðunum og víða eru nesin milli fjarða sæbrattir hamramúlar. Milli fjarða og dala eru há fjöll og ill yfirferðar og hafa því byggðarlögin lengstum verið einangruð hvert frá öðru. Þá er og veðurfar kaldara og hafnæðingar tíðari en inni í byggðunum og snjóþyngra á vetrum. (s. 176)

Fjallasýn öll í Ólafsfirði er fögur en mikilúðleg og kuldaleg nokkuð og ekki að skapi þeirra sem mest unna mjúkum dráttum og boglínnum. Mun hann cinkum kuldalegur á vetrardegi þegar kolsvartar hyrnurnar standa einar upp úr fann-

breiðunni. En á sumardegjum mildar gróðurbreiðan allan svip dalsins. Enda þykir mörgum þar mjög sumarlagur. Jörð tekur þar að gróa jafnskjótt og snjóá leysir og kemur það gróðrinum því ekki að sök þótt sumar sé styttra og vetur snjóþyngr en í innsveitum. (s. 179)

Ólafsfjörður hefur upp á margt að bjóða þeim sem stunda útilíf, svo sem fjallgöngur bæði á sumri og vetri. Vetrarfergurð er mikil og möguleikar miklir til útivistar hvort heldur er á skíðum, skautum eða þeysast um á vél-fákum um snævi þakin fjöll.

Gönguleiðir eru margar og heillandi hvort sem er að vetri eða sumri og flestar þeirra eru greiðfærar og ekki langt til næstu byggðarlaga. Það svæði sem hér verður sagt frá er ekki víðlent, enda er lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðar ekki stórt og má segja að það sjáist nær allt frá Ólafsfjardarkaupstað, því mörk umdæmisins liggja á fjallsbrúnum sem umlykja Ólafsfjörð.

Árið 1984 kom út í bók fyrsti hluti stærra ritverks um sögu Ólafsfjarðar, og nefnist hún *Hundrað ár í Horninu*. Um það leyti var öld liðin frá því að fyrsta þurrabúð var reist niðri í Ólafsfjardarhorni, en svo nefndu sveitarmenn svæðið sem Ólafsfjardarkaupstaður stendur á nú. Í bókinni er landlýsing Ólafsfjarðar og verða ýmis meginatriði þeirrar lýsingar rakin hér á eftir með góðfúslegu leyfi höfundar. Lýsingunni er hagað þannig að farið er frá Múla fram sveitina að austan að Lágheiði og síðan frá Hvanndalabjargi að vestan að Lágheiði. Í lýsingu á gönguleiðum í Ólafsfirði er hins vegar farinn hringur í firðinum, byrjað við Múla og endað við Hvanndalabjarg.

### Staðhættir og landlýsing\*

Inn í hálendishrygginn milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar skerst Ólafsfjörður til suðvesturs frá mynni Eyjafjarðar. Er hann fremur stuttur, svo og dalurinn upp af firðinum, og eru um það bil 15 km frá innstu byggðum fjarðarins út að sjó. Þar er Ólafsfjardarmúli útvörður fjarðarins í norðaustri en Hvanndalabjarg í norðvestri.

Innan við fjarðarbotninn er Ólafsfjardarvatn og skilur rif það frá sjónum en gegnum rífið fellur ós úr vatninu í sjó fram. Vatn þetta fyllir að mestu upp láglandið sem annars væri í firðinum og er vatnið 3 km að lengd og 1 km að breidd. Silungsveiði hefur löngum verið mikil í vatninu en einnig hafa veiðst þar sjófiskar, og var það þó meir fyrrum. Vegna þess var Ólafsfjardarvatn oft umtalað og voru uppi ýmsar kenningar um orsakir þess að sjófiskar veiddust þar. Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson komu þar við á ferð sinni um landið á 18. öld og könnuðu sannleiksgildi ummælanna.

\* Þessi kafli er að mestu leyti orðrétt endursögn samnefnds kafla í bók Friðriks Olgeirssonar. *Hundrað ár í Horninu*, þó með miklum úrfellingum og styttingum en fáum laukum.



Í Ólafsfjardarmúla.  
Handan fjardar Arnfinnsfjall og Hvanndalabjarg.

GE 1989

Staðfestu þeir í bók sinni að rétt væri að í vatninu lifðu sjófiskar og telja það ákaflega fiskiaudugt.

Svo víða barst frægd Ólafsfjarðarvatns að árið 1891 sendu Frakkar herskip til Ólafsfjarðar með hóp franskra vísindamanna sem rannsökuðu vatnið. Síðar skrifaði foringi leiðangursins grein í virt franskt tímarit um niðurstöður leiðangursins. Voru þær helst á þá lund að sjór félli inn í vatnið í gegnum Ósinn þegar mikið brimaði og hann héldist oft lengi við botn þess.

Nýjustu rannsóknir á Ólafsfjarðarvatni hafa leitt í ljós að það hefur sérstöðu hér á landi vegna þess hversu lagskipt það er; efst er vatn en neðst er sjór. Skilin eru mjög greinileg.

Ofan vatnsins tekur við hinn eiginlegi Ólafsfjarðardalur, þröngur nokkuð og innst inni hækkar hann og liggur í vestur. Þar er Lágheiði (um 400 m) og tengir hún saman Ólafsfjörð og Fljót. Þar liggur vegur til Skaga-fjarðar.



## Austurhluti sveitarinnar

Ysti bær í Ólafsfirði að austanverðu er Brimnes; hann stendur á lág-  
lendisfit nokkru innan við Ólafsfjardarmúla; upp af bænum er Brimnes-  
dalur. Sunnar er svo fjallið Tindaöxl og stendur Ólafsfjardarkaupstaður  
við rætur þess á malarkambi milli sjávar og Ólafsfjardarvatns. Nokkru  
sunnan við kaupstaðinn sjást enn tóftarbot þar sem bærinn Hornbrekka  
stóð áður, en Ólafsfjardarbær hefur að mestu byggst í landi þeirrar jarðar.

Á brekkum innar með Tindaöxl standa bæirnir Hlíð og Burstarbrekka  
og er hinn fyrnefndi nýbýli úr landi Burstarbrekku. Þar uppaf skerst  
Burstarbrekkudalur inn í hamragarðinn og var alfaraleið á öldum fyrir þeg-  
ar farið var yfir Dranga til Upsastrandar. Eftir honum fellur á úr Burstar-  
brekkuvatni og út í Ólafsfjardarvatn. Næstu bæir eru Hólkot, Vatnsendi  
og Lón og er nú aðeins Hólkot í ábúð. Töluvert innan við Lón stendur  
bærinn Kálfsá og upp af honum gengur Kálfsárdalur. Þarum fellur Kálfsá  
út í Fjarðará. Fjölfarin leið til Svarfaðardals áður fyrir lá upp Kálfsárdal og  
um Grímubrekkur. Oft var einnig farið um næsta dal sem innar er, þ.e.  
Hólsdal, yfir skarð sem nefnist Þröskuldur. Þar niðurf er býlið Hóll en  
milli Hóls og Kálfsár er Kálfsárkot.

Næsti bær framan við Hól er Karlsstaðir og þar uppaf er Karlsstaða-  
hjúkur. Hér hækkar landslagið mjög og er nú komið að innsta bænum að  
austan, Reykjum, sem nú er í eyði. Þar uppaf gengur Reykjaheiði og um  
hana lá alfaraleið á árum áður. Lágheiði liggur þarna til suðvesturs til  
Skagafjarðar en eftir henni fellur Fjarðará, stærsta áin sem fellur í Ólafs-  
fjardarvatn.

Vestan árinna á móts við Reyki stendur fremsti bærinn að vestan og  
heitir hann Hreppendaá; hann er nú í eyði.

## Vesturhluti sveitarinnar

Vestan Ólafsfjarðar í norðri beint á móti Múlanum rísa Hvanndalabjarg  
og Arnfinnsfjall hátt mót himni og skilur Fossdalur þau að. Innarlega við  
Arnfinnsfjall breikkar undirlendið og gengur þar Árdalur í vesturátt. Í  
mynni hans er jörð landnámsmannsins Gunnólfs gamla, Gunnólfsá, sem  
nú er tvö býli, Ytri- og Syðri-Á. Um tíma þéttist mjög byggðin á þessum  
stað og varð til dálítið þorp sem kallað er Kleifar.

Sunnan við Árdal er Ósbrekkufjall. Sunnarlega í hlíðum þess voru býlin  
Ósbrekka og Ósbrekkukot en þau eru bæði komin í eyði fyrir nokkrum  
áratugum.

Þá tekur við löng fjallshlíð er Þóroddsstaðafjall nefnist en það er aðskil-  
ið frá Ósbrekkufjalli af Skeggjabrekkudal, lengsta afdalnum við Ólafs-  
fjörð. Í mynni hans stendur jörðin Skeggjabrekka en sunnar og neðar  
stendur býlið Garður. Uppi í Skeggjabrekkudal eru heitar uppsprettur.

nýttar til húsahtunar í kaupstaðnum. Um Skeggjabrekkudal var oft farið áður til Héðinsfjarðar. Fljóta og Siglufjarðar og nefnist leiðin Botnaleið. Áðurnefndir bæir, Garður og Skeggjabrekka, standa nánast beint á móti Hlíð og Burstarbrekku hinumegin við Ólafsfjarðarvatn.

Nökkru sunnan við Garð eru Auðnir; stendur bærinn á lítilli hæð rétt ofan við Ólafsfjarðarvatn við rætur Þóroddsstaðafjalls og yfir gnæfir Auðnahyrna 805 m há. Enn sunnar við fjallið eru Þóroddsstaðir sem voru áður fyrr dýrasta jörðin í Ólafsfirði, 50 hdr. Kvíabekkur hefur líklegast verið jafn dýr eða dýrari en sú jörð tundaðist ekki. Að Þóroddsstöðum var bænhús og þar var þingstaður Ólafsfirdinga fram undir síðustu aldamót og nefndist hreppurinn Þóroddsstaðahreppur frá um 1800 allt til 1917 að nafninu var aftur breytt í upprunalegt horf, Ólafsfjarðahreppur. Spólkorn sunnan Þóroddsstaða voru áður Hringver og Hringverskot. Þar nálægt er nú félagshemili sveitarmanna og ber það nafn hins forna býlis og kallast Hringver.

Næsta jörð sem við staðnæmumst við er landnámsjörð Ólafs bekks, Kvíabekkur. Þar sátu prestar Ólafsfirdinga allt fram yfir síðustu aldamót er prestsetrið var flutt niður í þorpið sem þá var að byggjast upp við sjávarsíðuna.

Kvíabekkur var snemma þungamiðja sveitarinnar og höfuðból. Það varð staðnum til eflingar að um 1326 stofnsetti Lárentíus Kálfsson Hólabiskup prestaspítala eða elliheimili fyrir gamla presta á staðnum. Þar réð mestu um hve fiskmeti var auðfánlegt í Ólafsfirði, bæði úr sjó og ekki síður úr Ólafsfjarðarvatni eða „gott til blautfisks og búðarverðar“, einsog segir í sögu Lárentíusar biskups.

Fyrir ofan Kvíabekk gengur Kvíabekkjardalur inn á milli fjallanna. Í dalnum og í mynni hans voru áður fyrr mörg smábýli sem öll eru nú horfin sjónum okkar, tóftarbrotin ein eftir. Frá Kvíabekk lá áður leið um Ólafsfjarðarskarð inn í Fljót. Efri hluti Kvíabekkjardals liggur í suðvestur og þar heitir hann Húngilsdalur. Eftir honum fellur Þverá. Þverá sameinast Fjarðará í miðjum Ólafsfjarðardalnum og á hún þá ekki langt eftir ófarið í Ólafsfjarðarvatn. Nokkru utan við þessa á stendur bærinn Þverá, upphaflega hjáleiga frá Kvíabekk.


Fyrir innan Kvíabekk þrengist Ólafsfjarðardalur og hækkar einnig. Þar standa Vémundarstaðir hátt uppi og Bakki nokkru sunnar og neðar. Fremsti bærinn í vestursveitinni er Hreppsendaá sem áður er getið, og þar uppaf eru Hreppsendasúlur. Handan Fjarðará á móts við Hreppsendaá eru Reykir.\*

### Lýsing á gönguleiðum

Árið 1966 var vegurinn fyrir Ólafsfjarðarmúla opnaður, og við það upplaukst nýr heimur bæði fyrir Ólafsfirdinga og aðra þá sem heimsækja vildu

\* Hér lýkur þinni brotakenndu endursögn úr bókinni Hundrað ár í Horninu til yfirlits um staðhætti í Ólafsfirði.





Hálfðanarhurð í Ólafsfjardarmúla.

GE 1989

Ólafsfjörð. Vegur þessi gengur undir nafninu Múlavegur og er ekki sá vegur sem hefur hvað best orð á sér af þjóðvegum landsins, enda er hann erfður á veturnum vegna snjóflóða, en Múlinn er sundurskorinn af giljum sem mikill snjór safnast í.

Þegar staðið er á svonefndu Plani, sem varð til við vegarlagninguna og er fremst í Múlanum, sést vítt um, enda er þessi staður einn sá vinsælasti af ferðamönnum sem koma til Norðurlands og vilja njóta miðnætursólarinnar þegar hún sigur í haflötinn og gengur upp aftur sem glóandi eldhnöttur. Framan í Múlanum rétt innan við Plan er Hálfðanarhurð sem nefnd er í erindinu hér framar úr kvæði Jóns Helgasonar, Áfangar, en hún sést ekki nema af sjó, stór bergfleki rauður að lit. Þar segir þjóðsagan að tröll hafist við.

Sjá þjóðsöguna um konuna í Hvanndalabjörgum í þætti um Siglufjardarfjöll á síðu 12 hér að framan. Í sögunni er hurðin í bjarginu sögð vera vestan Ólafsfjarðar og kennd við hinn fjölkunnuga prest, Hálfðan á Felli. Hálfðanarhurð þekkja menn nú aðeins austan fjarðarins. Þórhallur Vílmundarson prófessor hefir í grein leitt líkur að því að örnefnið Hálfðanarhurð væri í rauninni ekki dregið af mannsnafni heldur væri það náttúrunafn sem mannsnafn hefði verið lesið úr. Bendir Þórhallur á að Hálfðanarhurð er miðja vega í Ólafsfjardarmúla talið frá Saudakoti á Upsaströnd að Brimnesi í Ólafsfirði; örnefnið er þar sem leið er hálfnuð milli þessara staða, og með hliðsjón af staðsetningu annarra áþekkra örnefna telur hann að nafnið Hálfðanarhurð (þ.e. Hálfnaðarhurð) kunní að vera af því dregið.

Af Planí má sjá Grímsey og raunar sést hún líka úr Ólafsfjarðarkaupstað í góðu veðri. Handan við Eyjafjörð blasir Kaldbakur við stór og mikilfenglegur og Gjögurtá, ysti hluti fjallgarðsins (eða Austurlands einsog hér er tekið til orða). Austur af Múla liggur Hrólfssker, en þar er viti fyrir sjófarendur. Vestan Ólafsfjarðar rísa fjöll mikil og er Hvanndalabjarg þeirra mikilfenglast enda eitt hæsta standberg sem rís úr sjó við Íslandsstrendur. Þegar ekið er inn Ólafsfjörð eftir Múlavegi verðum við strax vör við mikilleik þessara fjallarisa. Er við ökum af Planínu í átt til Ólafsfjarðar er fyrst ekið um svokallað Flag, en það ásamt Ófærugjá var ein versta hindrun þegar gengið var fyrir Múlann á árum áður. Flagið var mjög laus skriða brött í sjó fram þar sem illt var að fóta sig. Fyrsta gilið sem ekið er um og var ein aðalhindrun samgangna um Ólafsfjörð er Ófærugjá. Gjá þessi lætur ekki mikið yfir sér, en ef ferðamaðurinn gefur sér tíma til að skoða gilið af veginum mun hann komast að því að vegagerð um þennan hluta Múlans hefur ekki verið auðveld. Ófærugjá nær frá efsta hluta Múlans og niður í sjó; falla þar oft risastór snjóflóð sem eiga upptök efst í Múlanum.

Af Múlavegi er mjög gott að skoða fjöllin vestan fjarðarins, en þau eru mörg fögur, t.d. Arnfinnsfjall. Eins sést leiðin um Rauðskörð vel því Ytrárdalur blasir vel við. Þá sést vel leiðin fram Skeggjabrekkuðal til Héðinsfjarðar, Siglufjarðar og Fljóta en hún er kölluð Botnalcið.

### Múlakolla

Er við nálgumst kaupstaðinn opnast fjörðurinn betur og þegar komið er heim undir á, sem ber nafnið Brimnesá, er á vinstri hönd gönguleið sem ekki margir fara, en það er ganga á hæsta hluta Múlans sem nefnist Múlakolla í 984 m hæð. Ekki verður sagt að þessi leið sé vandrötuð en halda má sem leið liggur upp fjallið og stöðugt blasir kollan við. Besta leiðin er að ganga beint upp frá veginum upp norðan við Brimnesá.

Á hægri hönd er nú Brimnesdalur stuttur og hrjóstrugur, umlukinn fjöllum sem mörg eru yfir 1000 m. Á hægri hönd er Tindaöxl en svo nefnist fjallið ofan við Ólafsfjarðarkaupstað, og fyrir dalbotninum eitt hæsta fjall Ólafsfjarðar, Kerahnjúkur sem skagar upp í 1098 m. Af tindí Kerahnjúks er stórfenglegt útsýni en ekki ætti nema vant fjallafólk að klífa tindinn. Gengið er á Kerahnjúk upp frá kaupstaðnum og fyrst upp á Tindaöxl. En áfram skal haldið á Múlakollu, þá mætir okkur allbrattur hjalli vel gróinn og þegar upp á hann er komið er gott að staldra við því gott útsýni er af brúninni yfir Ólafsfjörð.

Fyrir ofan þessa brún tekur við ofurlítill lægð. Oft eru þarna vatnspollar sem hitna af sólarljósinu og voru þeir vinsælir af unglíngum sem gjarnan fóru þangað í útilegur á sumrin. Við erum nú í litlu dalverpi, á vinstri hönd er Múlinn og á hægri hönd er Kistufell, 1078 m. Við göngum þannig að við höldum okkur hægramegin og nær Kistufelli.

Framundan er nú brattasti hluti leiðarinnar upp í skál sem nefnist Gvendarskál; skál þessi er oftast full af snjó. Þegar gengið er upp í Gvendarskál er hægt að velja um tvær leiðir. Önnur er sú að ganga beint upp brattann en hann er mjög laus í sér og stórgrýttur, enda féllu þarna stórar skriður haustið 1988 og runnu alveg í sjó fram. Auðveldari leið er að fara hægramegin við skriðuna og ganga á snjó upp í Gvendarskál, sú leið er greiðfær. Þegar brúnum skálarinnar er náð er gengið eftir ölduhryggjum til norðausturs í áttina að Múlakollu og er þessi hluti leiðarinnar mjög auðveldur göngu.

Af Múlakollu er útsýni stórkostlegt og sést vítt um fjöll og dali. Fyrir fótum okkar liggja Ólafsfjörður og Eyjafjörður; ef skyggni er gott má sjá reykina á Námaskarði liðast til himins.

Efst á Múlakollu hefur einkaaðili í Ólafsfirði reist endurvarpsstöð sem tekur við sjónvarpssendingum að sunnan. Gangu má frá endurvarpsstöðinni í átt að Kistufelli og eftir eggjum Kistufells. Á Múlakollu er um tveggja til tveggja og hálfis tíma gangur en vanir fjallamenn gangu upp á einum og hálfum tíma.

### **Burstarbrekkudalur, Drangar**

Lagt er upp frá Burstarbrekku þegar gengið er til Dalvíkur um Dranga. Bærinn Burstarbrekka er um einn og hálfan km sunnan Ólafsfjarðarkaupstaðar. Leið þessi er auðrötuð vegna þess að rafllina var lögð um Dranga frá Dalvík og er næstum hægt að fylgja línunni alla leið.

Þegar gengið er upp frá Burstarbrekku er fylgt vegarslóða sem myndaðist þegar rafllinan var lögð. Leiðin er létt, gengið er yfir gróid land og bratti lítill. Burstarbrekkudalur er sem aðrir dalir hér um slóðir umlukinn háum fjöllum. Á hægri hönd er Hólkotshyrna, 895 m, ákaflega svipmikið fjall sem gnæfir yfir, séð frá Ólafsfjarðarkaupstað sem píramíti. Á vinstri hönd er mikill fjallgarður sem gengur frá Kerahnjúk að norðan inn að Dröngum að sunnan, óslitin fjallsegg sem nær hæst 1062 m hæð.

Burstarbrekkudalur er nokkuð gróinn upp í miðjan dal en þá tekur við gródurlítið svæði enda liggur snjór oft yfir dalnum langt fram á sumar. Í miðjum dal er lítið stöðuvatn og er afrennsli þess Burstarbrekkuá, allmikil á miðað við hve stutt hún er. Á vorin ber hún með sér mikið af malarbornu efni niður undir Ólafsfjarðarvatn, þar er það tekið og notað til ofanburðar í vegi.

Dalurinn er sem áður er sagt umlukinn háum fjöllum og með þverhniptum klettabeltum og er sú hlið Hólkotshyrnu sem inn í dalinn snýr nær ókleif. Er upp í dalinn er komið blasir við skarðið sem nefnt er Drangaskarð. Gangan fram dalinn er auðveld, farið er enn eftir vegarslóða um melöldur. Brátt tekur við síðasti spölurinn upp í skarðið og er gengið á snjó. Brekkan er brött en auðveld uppgöngu og brátt er stadið í skarðinu.

Útsýni er fallett til Ólafsfjarðar og sést hluti fjarðarins í vaffinu sem dalurinn myndar.

Úr skarðinu sér niður í Karlsárdal og er nokkuð bratt niður úr skarðinu og ættu menn að fara þar með gát. Þá sér út á Eyjafjörð. Karlsárdalur er nokkuð langur, svo ætla má að ferðin í heild niður á þjóðveg taki um þrjár til fjórar stundir. Þessa leið er mjög gaman að fara á skíðum og tekur hún þá mun styttri tíma ef færi er gott. Þar sem snjóalög eru mikil í dalnum eru snjóflóð tíð og ber að varast að fara mikið um dalinn ef hætta er á snjóflóðum. Einnig er mjög varasamt að fara upp í Drangaskarð um hávetur, en þá er oft svo lágt undir háspennulínur að hætta stafar af. Á Burstarbrekkudal eru lindir þær er sjá Ólafsfjarðarkaupstað fyrir köldu vatni.

Sumarskiðasvæði er líka ágætt á Burstarbrekkudal og er talað um að koma upp aðstöðu fyrir skíðafólk enda var dalurinn á árum áður mikið notaður til skíðaferða þegar líftill snjór var í byggð.

Leiðin um Dranga var mjög fjölfarin áður fyrr; ekki er þó hægt að fara um skarðið á hestum sökum þess hve bratt er Dalvíkurmegin. Leiðin var mikið farin þegar sækja þurfti lækni eða lyf og var talin auðveld bæði að sumri og vetri. Nú er leiðin nokkuð farin af ferðafólki, bæði frá Dalvík og Ólafsfirði.

## Grímubrekkur

Þegar valdar voru gönguleiðir milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur var að sjálfsögðu valin sú leið sem næst var þeim stað sem leggja skyldi upp frá. Ef farið var úr kaupstaðnum var Drangaleið valin, úr miðsveitinni var valið að fara Grímubrekkur og ef upphafsstaður var framsveitin varð Reykjaheiði fyrir valinu. En eina leiðin sem fær er hestum er þó Reykjaheiði. Þegar lagt er á Grímubrekkur er haldið upp frá bænum Kálfsá og gengið fram Kálfsárdal og komið niður í Grímodal sem er upp af Upsadal vestan Dalvíkur.

Leiðin yfir Grímubrekkur er mjög skemmtileg gönguleið, greiðfær þó að á nokkrum stöðum sé nokkuð bratt. Sem áður segir er gengið upp frá Kálfsá. Kálfsárdalur er lítið dalverpi sem gengur til suðurs og afmarkast hann af Nítuhnjúk, 955 m, og Lágafjalli að norðan og Hólshyrnu, 853 m (líka nefnd Kálfsárhyrna), að sunnan. Á milli Nítuhnjúks og Lágafells er skál er nefnist Egilsskál en líka nefnd Kálfsárskál. Hólshyrna er eitt fegursta fjall í Ólafsfirði, hefur reglulega lögum, rís hátt og bratt upp af bæjunum Kálfsá, Kálfsárkoti og Hóli og setur mikinn svip á sveitina.

Fyrsti spölurinn upp frá Kálfsá er greiðfær og auðvelt er að rata þessa leið í björtu veðri, en einsog á öðrum leiðum í Ólafsfirði getur þar verið villugjarnt ef þoka hamlar sýn. Símalína var lögð um Grímubrekkur 1908 og sér enn fyrir vegarslóðum sem myndast höfðu er vinnuflokkar önnud-



Við Skeggjabrekku austan Ólafsfjarðar.

BPÓ

Séð yfir vatnið til Kálfsárdals og fram fjörðinn. Hólshyrna (Kálfsárhyrna) á miðri mynd. Til vinstri við hana er Kálfsárdalur og sér fram í Grimubrekkur. Nokkru framan við Hólshyrnu liggur leið upp á Reykjaheiði. Til hægri sér í Garðshyrnu.

ust viðgerðir á línunni. Línan er nú aflögð því með tilkomu Múlavegar var lagður sími þar. Enn sjást þó staurabrot sem minna á þessa lögn.

Gengið er upp með ánni að sunnan. Nokkrir fossar eru í henni og heitir sá fyrsti Stórifoss og þar upp af Litlifoss. Þegar komið er upp í dalsmynnið heitir Kálfsárháls, en hann nær frá Hólshyrnu (Kálfsárhyrnu) norður að ánni. Áður nefndur Kálfsárdalur ber raunar tvö nöfn, hann er nefndur Norðurdalur norðan árinna en Suðurdalur sunnan hennar. Nokkurt graslendi er í dalnum og þá aðallega á afmörkuðum stöðum. Rétt framan við Kálfsárháls er Ystanef, nokkuð stórt grasgróid nef sem skagar út í ána, þar framanvið er Fremstanef og milli þeirra Laugarhvatn en þar eru volgar uppsprettur. Syðst í Hólshyrnu eru grasgrónir hjallar er nefnast Grænuhjallar. Framarlega í dalnum tekur við stór háls er nær þvert yfir dalinn og nefnist hann Hávaði.

Er komið er upp á Hávaðann blasir skarðið við. Framundan er lítið vatn, Kálfsárdalsvatn, þar sem Kálfsá á upptök sín en í dalbotninum er lítill jökull. Á vinstri hönd er Bræðraleið en á hægri hönd Pröskuldur. Þegar farin er Bræðraleið er komið niður í Karlsárdal norðan við Dalvík, en ef

farinn er Þröskuldur er farið niður að Hóli í Ólafsfirði og völdu menn þessa leið þegar komið var frá Dalvík ef fara átti fram í fjörðinn.

Er við göngum í átt að Grímubrekku er á vinstri hönd gríðarstór skriða sem fallið hefur fram í dalinn og eru steinarnir í henni margir hverjir mörg tonn. Halda skal fram fyrir þessa skriðu og taka stefnu upp í skarðið. Bratt er síðasta spölinn. Staurabrot eru í skarðinu. Á hægri hönd er Einstakafjall, 1006 m, en sunnan við það er Reykjaheiði. Úr skarðinu sér út á Eyjafjörð í átt til Hríseyjar. Hægt er að ganga eftir eggjum í átt að Dröngum og er það skemmtileg gönguleið og er þá komið niður í Burstarbrekkudal. Leiðin til Dalvíkur er greiðfær, að vísu er nokkuð bratt niður úr skarðinu en fljótlega komið í grónar hlíðar. Gangan tekur um fjóra til fimm tíma.

### Reykjaheiði

Reykjaheiði var á fyrri öldum einn algengasti og fjölfarnasti fjallvegur milli Svarfaldardals og Ólafsfjarðar vegna þess að þetta er eina leiðin sem er vel fær hestum. Leiðin var fljótlega vörðuð og fyrir nokkrum árum fóru hestamenn í hestamannafélaginu Gnýfara í Ólafsfirði og endurreistu vörðurnar Ólafsfjardarmegin, fyrir bragðið er nú leiðin audrataðri.

Yfir Reykjaheiði fór pósturinn á leið sinni til Ólafsfjarðar, Fljóta og Siglufjarðar. Fé Svarfdælinga leitaði áður fyrir mjög yfir í gósenlönd Ólafsfjarðar því alla tíð hefur þar verið gott til beitar fyrir sauðfé. Úrtíningsmenn úr Svarfaldardal fóru yfir á Reykjarétt fremst í Ólafsfirði og í Stiflurétt í Fljótum og ráku féð til baka yfir Reykjaheiði.

Leiðin yfir Reykjaheiði er lengsta leiðin af þeim sem farnar eru milli Ólafsfjarðar og Svarfaldardals, ef frá er talin leiðin um Klaufabrekknaskarð. Lagt er upp frá eyðijörðinni Reykjum en þar eru heitar lindir. Búið var að Reykjum fram til 1940. Ungmennafélagið í firðinum byggði sundlaug hlaðna úr torfi og grjóti og var hún notuð til sundkennslu allt fram að þeim tíma að sundlaug var byggð niðri í Ólafsfirði. Þarna er nú sumarbústaðahverfi og nota eigendur þeirra heita vatnið sem þar næst með góðu móti. Sunnan við Reyki er Reykjaá og í henni foss sem ber nafnið Reykja-foss, mikill úði er oft frá fossi þessum og sést langar leiðir.

Þegar lagt er á heiðina er farið frá þessum sumarhúsum. Nordan við Reyki er á er nefnist Lambá og er farið upp með henni að sunnan. Í fyrstu er farið yfir gróið land og ber þar mest á ýmiskonar lyngi, sem annarstaðar í Ólafsfirði, enda eru ágæt berjalönd í firðinum. Brátt rekumst við á fyrstu vörðurnar á leið okkar. Þær eru reistar á melum, en leiðin sem farin er getur varla talist mikið augnayndi, melar og aftur melar er það sem um er farið og snjór í lautum fram eftir öllu sumri. Leiðin getur varla kallast brött, melarnir eru þræddir og eftir tveggja stunda göngu er komið í skarðið sem er í rúmlega 800 m hæð. Til vinstri handar er Einstakafjall og nord-



anmegin við það fjall eru Grímubrekkur þannig að stutt er á milli þessara fjallvega. Þegar horft er til Ólafsfjarðar sjást bæirnir Hreppsendaá, sem er í eyði, og Bakki en þar er nú stærsta fjárbú í Ólafsfirði. Leiðin til Dalvíkur er nú greið en nokkuð er bratt niður úr skarðinu Dalvíkurmegin en samt ágæt leið og auðfarin. Síðan liggur leiðin eftir Upsadal eða Böggvisstaðadal. Þessi leið er nú á dögum aðallega farin af ríðandi mönnum.

### Lágheiði

Lágheiði er sú leið sem mest tengdi Ólafsfirðinga og Fljótamenn saman. Heiðin er lág, liggur í 400 m hæð og mjög auðveld yfirferðar. Landið er gróið og er heiðin mjög falleg jafnt á sumri sem vetri.

Akfar vegur var fljótlega lagður yfir heiðina eftir að bílar ruddu sér til rúms á Íslandi og má segja að vegurinn sé lítið breyttur frá því að hann var lagður í upphafi. Vegurinn er niðurgrafinn og er snjór á honum langt fram á vor og stundum er hann ekki opnaður fyrr en í endaðan júní.

Með tilkomu Múlavegar hefur þessi vegur haft æ meiri þýðingu fyrir Fljótamenn og Siglfirðinga enda sækja þeir nú í ríkari mæli þjónustu til Akureyrar. Einsog áður sagði er leiðin falleg og fjallasýn stórfengleg í átt til Fljóta og er Hvarfdalur fagurt náttúrusmið. Lágheiði er á okkar tímum tíðfarin af þeim sem leggja leið um Ólafsfjörð til að njóta fallegs umhverfis og miðnætursólar í Múla. Heiðin er einnig vel séð af vélsleðamönnum sem þeysast þar um á hjarnbreiðum vetrarins.

Af Lágheiði liggur fjallvegur til Svarfaðardals um Klaufabrekknadál og er þá komið niður í samnefndan dal Svarfaðardalsmegin. Mun þessi leið hafa verið all fjölfarin í fyrri daga er framsveitarmenn í Svarfaðardal áttu leið í Fljótin.

### Hreppsendasúlur

Ekki er svo hægt að fjalla um Lágheiði að ekki sé minnst á gönguleið á Hreppsendasúlur. Fjall þetta rís upp af Lágheidinni í vesturátt, hátt og tignarlegt og frá Ólafsfjarðarkaupstað ber tvær súlur þess við himin og sjómenn nota fjallið mjög mikið sem staðsetningarkerki á fiskimið þegar verið er á veiðum úti af Ólafsfirði og er þá talað um að vera uppi á Súlum.

Súlurnar eru um 1000 m háar og þegar gengið er á þær má velja um margar leiðir en sú besta er að ganga frá norðri eftir fjallsrana sem gengur út í áttina að Ólafsfjarðarkaupstað. Ágætt er að fara upp með Hreppsendaá að sunnan og ganga þannig í áttina að fjallinu. Land er þar mjög vel gróið sem annarstaðar á heiðinni. Þegar komið er upp að fjallinu er best að koma sér upp á fjallsöxlina og fylgja henni. Leiðin er ágætlega greiðfar og eftir því sem ofar dregur opnast útsýnið betur, við blasa austurfjöllin og Reykjaheiði, Klaufabrekknadalur og allur Ólafsfjörður. Þegar gengið er

eftir fjallsegginni er gott útsýni yfir Hreppendaárdal, lítið dalverpi skálaga og er auðveld leið upp dalinn og yfir í Fljót. Eftir um tveggja stunda gang er staðið á vestari súlunni en þar er varða og þaðan er útsýni undrafagurt.

Fljótin liggja fyrir fótum okkar og sér niður á bæina Þrasastaði (fremsta bæ í Fljótum) og Depla, einnig sést Stifluvatn með Skeiðsfossvirkjun. Niður við sjó sér í Miklavatn og í fjarska Haganesvík. Fjallasýn til allra átta er líka stórfengleg og vel sést hrikaleiki fjallgarðsins. Og ef vel er að gáð sjást fjöllin austanmegin í Svarfaðardal: Kotafjall, Skeiðsfjall, Búrfellshyrna og fleiri.

### Ólafsfjarðarskarð

Ólafsfjarðarskarð er í fjallgarðinum milli Ólafsfjarðar og Fljóta og var ein af aðalleiðum landpóstanna sem fóru frá Akureyri um Ólafsfjörð til Siglufjarðar.

Leiðin liggur upp frá landnámsjörðinni Kvíabekk, þó hefur í seinni tíð verið farið upp frá Þverá, næsta bæ sunnan við Kvíabekk, en þar er nú vegarslóði upp á dalinn. Leiðin liggur um Kvíabekkjardal upp með Þverá en svo heitir áin sem rennur um dalinn og sameinast Ólafsfjarðará.

Kvíabekkjardalur er mjög grösugur enda voru í mynni hans mörg smábýli sem öll eru nú horfin og eftir standa tóftir einar. Til suðvesturs gengur dalur sem ber nafnið Húngilsdalur og rennur Þverá eftir honum. Fremri hluti Kvíabekkjardals nefnist Skarðsdalur og ber hann nafn af skarði því sem við förum í gegnum og áður er nefnt.

Þegar komið er upp í mynni dalsins skiptir Þveráin sér og höldum við okkur við ána sem rennur eftir Skarðsdal. Ólafsfjarðarskarð blasir nú við, 743 m, með fjöllum á hvora hönd sem ná upp í tæplega 900 m. Leiðin fram Skarðsdal er mjög greiðfær hvort heldur er lausfóta, einsog Ólafsfirðingar segja, eða á skíðum, en erfitt getur reynst að fara um skarðið á vélslæðum þar sem síðasta brekkan er mjög brött.

Þegar staðið er í skarðinu sér vel niður í Fljótin og niður að Miklavatni. Úr skarðinu er orðið mjög stutt yfir í Héðinsfjörð og ef gengið er í hlíðum fjallsins til hægri Fljótamegin er komið í Sandskarð sem er fjölfarin leið úr Fljótum til Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar (sjá um Skeggjabrekkudal hér á eftir).

Niður Ólafsfjarðardal Fljótamegin er greiðfært og sér niður að Ketilási sem er félagsheimili þeirra Fljótamanna.

### Skeggjabrekkudalur

Skeggjabrekkudalur er nokkuð langur; hann liggur frá norðaustri til suðvesturs. Dalurinn er mjög grösugur og eitt allra vinsælasta útivistarsvæði Ólafsfirðinga, enda var hann gerður að friðlýstum fólkvangi 1984 í



*Af Múlakollu niður yfir Ólafsfjörð.*

BPÓ

*Tindaðxl skyggir að nokkru á kaupstaðinn, nær er Brúnesdalur. Handan fjardar er Ósbrekkufjall upp með Skeggjabrekkudal. Ofan við Tindaðxl ber Garðshyrnu. Um dalinn liggur leið yfir í Fljóti eða Héðinsfjörð eða Siglufjörð (Botnaleið).*

tilefni af hundrað ára byggð í Horninu, en þar stendur kaupstaðurinn nú. Dalurinn er gróinn víða upp á fjallatoppa. Mest ber á allskonar lynggróðri í neðanverðum dalnum og einstaka birkihrísla sést, en vegna snjóþunga skriður þessi gróður með jörðu. Berjaspretta er oft góð í dalnum og þá aðallega aðalbláber og krækiber og sækir fólk mikið þangað til útiveru, enda eru gönguleiðir um dalinn auðveldar.

Raunar skiptist dalurinn í tvennt og er sá hluti sem er vestan við á kallaður Skeggjabrekkudalur en austurhlutinn Garðsdalur. Tveir sveitabær standa hvor sínumegin við ána rétt áður en hún fellur í Ólafsfjardarvatn; heitir sá sem er norðan við ána Skeggjabrekka og stendur á hól sem blasir við frá kaupstaðnum. Þar er mjög fagurt útsýni á góðviðrisdögum. Í landi Skeggjabrekku er nú golfvöllur Ólafsfirdinga. Sunnan við ána stendur bærinn Garður og er áin við hann kennd. Garðsá var virkjuð árið 1942 og var lengivel eina raforkuverið sem veitti Ólafsfirdingum orku, en með tilkomu Skeiðsfossvirkjunar í Fljótum var lögð lína yfir Lágheiði og síðar með hringtengingu landins um Dranga frá Dalvík. Virkjunin var í eigu Ólafsfjardarkaupstaðar en síðar seld Rafmagnsveitum ríkisins sem nú starfrækja hana.

Árið 1944 er ráðist í það stórvirki að bora eftir heitu vatni en á Skeggja-

brekkudal voru heitar lindir. Tilraunin gekk vel og nægt vatn fékkst til að hita upp öll hús á Ólafsfirði og mun Ólafsfjörður vera fyrsti kaupstaður á landinu þar sem öll hús voru hituð upp með jarðvarma. Dugði þetta fram til ársins 1974 er ný hola var tekin í notkun í Ósbrekkulandi um hálfan km frá kaupstaðnum. Dalurinn afmarkast af Ósbrekkufjalli að vestan og Garðshyrnu að austan. Dalurinn blasir allur við frá Ólafsfjardarkaupstað. Um miðjan dalinn hefur skriðufall stíflað hann en áin síðan brotið sér leið í gegn. Skriða þessi er í daglegu tali nefnd Hólar. Þegar komið er fram fyrir Hóla er oft mikil veðursæld. Hólarnir skýla vel fyrir hafgolunni sem er iðulega mikil á heitum dögum og þar er því oft logn og hiti á sólríkum dögum og er þar graslendi nokkurt.

Á vetrum er dalurinn sannkölluð paradís fyrir gönguskíðafólk og þegar sól hækkar á lofti er oft margt um manninn á dalnum. Þá er hann mikið farinn af vélsleðamönnum, enda auðveld leið hvort heldur er í Héðinsfjörð eða Siglufjörð.

### Botnaleið

Þegar farið er til Héðinsfjarðar, Fljóta eða Siglufjarðar frá Ólafsfirði er mjög skemmtilegt að fara um Skeggjabrekkudal og nefnist þá leiðin Botnaleið. Ef farið er að sumri til er lagt upp frá brúnni yfir Garðsá, en þaðan liggur vegur fram að hitaveituholum á Skeggjabrekkudal og er hann fær öllum bílum. Ef farið er á skíðum er gjarnan lagt upp frá skála golfmanna í Skeggjabrekkku. Dalurinn er mjög greiðfær og gengið er á grónum grundum vestan árinna. Á hægri hönd er Ósbrekkufjall með Skeggjabrekkuhrnu er nær upp í 901 m en á vinstri hönd Garðshyrna, 425 m, og Auðnahyrna, 805 m.

Skarðið sem myndast í fjallseggina og farið er um er nefnt Sandskarð af Ólafsfirðingum en Fljótamenn nota nafnið um skarðið sem er á milli Héðinsfjarðar og Fljóta. Á uppdrætti heitir fyrrnefnda skarðið Sandskarð og nota ég það hér. Mjög stutt er á milli þessara tveggja skarða og gæti það orsakað nafnabrennilið.

Þegar komið er fram í Hóla taka við grónar grundir en þær geta oft verið blautar þannig að betra er að halda sig nær fjallinu að vestan.

Leiðin fram dalinn fer nú smám saman hækkandi og síðasti hlutinn er töluvert brattur en mjög vel göngufær. Gengið er á stórum melöldum beint fram úr dalnum og er upp á þær komið er snúið til norðvesturs í átt að skarðinu og nefnast þar Hálsar. Auðvelt er að fara með hesta enda nota hestamenn dalinn mikið til útreiða og til heimsóknna í Fljót og Siglufjörð. Gangan upp í skarðið tekur tvo til þrjá tíma.

Þegar upp er komið er mjög víðsýnt út Ólafsfjörð í átt að Gjögurum og niður Héðinsfjörð. Í skarðinu eru staurar og er vír strengdur á milli þeirra og er verið að kanna ísingu því komið hefur til greina að leggja raflínu til Siglufjarðar.



### Séð yfir Ólafsfjörð

GE 1989

úr Múlanum. Árdalur blasir við, til hægri Ytrárfjall við Ytrárdal, til vinstri Ósbrekkufjall við Syðrárdal, milli þess og Þverfjalls. Yst til vinstri sér upp Skeggjabrekkudal. Leiðin upp í Rauðskörð liggur um Ytrárdal, leiðin um Fossabrekkur liggur fram Syðrárdal.

Leiðin er nefnd Botnaleið vegna þess að ef fara á til Siglufjarðar er farið fyrir Hédinsfjarðarbotn. En stutt er líka yfir til Fljótamanna. Ef gengið er með fjallinu á vinstri hönd eftir að komið er í gegnum skarðið er fljótlega komið að skarði sem liggur til Fljóta og þeir nefna Sandskarð eins og áður er getið og er þá komið niður í Ólafsfjarðardal. Einsog áður sagði er umferð um dalinn mjög mikil á sumrum af fólki á leið til og frá Ólafsfirði og á vetrum af skíða- og vélsleðafólki, en aðgát skal höfð er farið er um dalinn að vetri því eins og flestir dalir Ólafsfjarðar eru snjóflóð tíð. Ganga til Fljóta tekur um fjóra til fimm tíma, til Siglufjarðar um fimm til sex tíma og niður að sjó í Hédinsfirði um fimm til sex tíma.

### Árdalur (Ytrárdalur – Syðrárdalur)

Út með vestanverðum Ólafsfirði hefur orðið til lítið þorp er nefnist Kleifar. Á Kleifum eru tvö lögbýli Syðri-Á og Ytri-Á, en aðeins er nú búið á Syðri-Á. Nokkur hús eru þarna en aðeins búið í þremur þeirra í dag. Öll önnur hús eru nú notuð til sumarvalar og er þeim vel við haldið. Mjög sumarfagurt er á Kleifum og er þar oft margt um manninn á sumrum. Mjög stór ættbogi er frá Ytri-Á, en þar bjuggu síðast tveir bræður ásamt eiginkonum sínum og áttu önnur hjónin tuttugu börn en hin tóu og sækja þau mjög til áttaganna á sumrum. Bæirnir standa hvor sínumegin við á sem heitir Gunnólfsá. Þarna settist annar landnámsmaður Ólafsfjarðar að, en sá hét Gunnólfur gamli. Upp af Kleifum gengur allstór dal-

ur er Ardalur heitir og rennur Gunnólfsá eftir honum miðjum, en er upp í dalinn kemur skiptist áin og rennur Gunnólfsá í Syðrárdal en önnur á rennur í Ytrárdal og nefnist hún Rauðskarðsá. Þar sem árnar mætast heita Tungur.

Árdalur er sem aðrir dalir Ólafsfjarðar girtur háum fjöllum. Að norðan í dalsmynninu er Arnfinnsfjall, 854 m, í daglegu tali kallað Finnurinn, og innar Ytrárfjall, 842 m, að sunnan er Ósbrekkufjall og heitir nyrsti hluti þess Syðrárhryna, 724 m. Þverfjall, 905 m, skiptir dalnum í tvo fyrrnefnda dali, Syðrárdal sem gengur til suðvesturs og Ytrárdal sem gengur til norðvesturs.

Góðar gönguleiðir eru til Hédinsfjarðar úr Syðrárdal um Fossabrekkur og úr Ytrárdal um Rauðskarð. Þá er leið innst úr botni Ytrárdals sem nefnist Afglapaskarð en Ólafsfirðingar búsettir á Kleifum kalla skarðið Vatnsendaskarð. Leið þessi er lítið farin enda brött og verra að fara hana en hinar leiðirnar.

### Fossabrekkur

Þegar farið er um Fossabrekkur er lagt upp sunnan við Gunnólfsá og upp með henni fram Syðrárdal og norðan við Syðrárhrynu. Dalurinn allur er nokkuð á fótinn. Gengið er eftir dalnum sunnan árinna og sem leið liggur fram í botn. Á hægri hönd er Þverfjall rismikið norðan árinna og Ósbrekkufjall á vinstri hönd. Á hægri hönd þegar í dalbotninn er komið er fjallið Bangsahnjúkur, 890 m, og er nauðsynlegt að fara vel inn í botninn til að lenda ekki í skál sem nefnist Bangsaskál.


Síðasti spölurinn upp í skarðið er nokkuð brattur. Gengið er upp tvær melöldur og er sú fyrri brattari. Sveigt er til norðvesturs upp í skarðið. Þegar haldið er niður Hédinsfjarðarmegin er gengið niður allnokkurn bratta á jökli niður í svokallaða Möðruvallaskál, eftir það er greið leið niður í Hédinsfjörð. Komið er niður nokkru fyrir framan Vatn að eyðibýli sem heitir Grundarkot.

Gangan upp í skarðið frá Kleifum tekur um tvo til þrjá tíma og getur leiðin verið vandrötuð í slæmu skyggni. Mikið er um að vélsleðamenn fari þessa leið enda ekki önnur leið fær vélsleðum upp úr Árdal til Hédinsfjarðar. Niður að Grundarkoti er um fimm tíma gangur.

### Rauðskörð

Gönguleiðin um Rauðskarð er sú leið sem mest er farin úr Ólafsfirði og koma margir ferðamenn nú hvert sumar, bæði innlendir og erlendir, og leggja upp frá Kleifum eða koma til Kleifa úr Hédinsfirði og mjög algengt er líka að Hédinsfjörður sé aðeins viðkomustaður á leið ferðamanna frá Siglufirði eða Ólafsfirði.





*Hvanndalabjarg*

HPI 1987

*er hæsta standberg frá sjó á landinu, 630 m. Djúpar gjár skera bjargið, hin stærsta þeirra Skötugjá. Prætusker er vestan hennar undir miðju bjargi og skiptir löndum milli Ytri-Ár í Ólafsfirði og Hvanndala. Upp af Prætuskeri er Karlsurð sem nær hátt upp í bjargið. Viða eru gróðursælar syllur í bjarginu. Ein slík er Mórustallur, 30×15 m, ofan við mitt bjarg vestan Prætuskers og nær allt út á barm Skötugjár. Hvanndalabjarg hefir ekki verið klífið og aldrei var í það sigið efur fugli eða eggjum.*

Pegar gengin eru Rauðskörð (Ólafsfirðingar nefna þau svo) er lagt upp norðan Gunnólfsár, upp frá Ytri-Á. Dalurinn er mjög auðveldur upp-göngu og vel gróinn. Lítil bratti er á leiðinni þar til kemur fram þar sem lagt er á skarðið. Gengið er undir hlíðum Arnfinnsfjalls í fyrstu, en þegar kemur fram í miðjan dal er stór skál í fjallið er nefnist Hrafnaskál og við tekur Ytrárfjall. Úr Hrafnaskál gengur allstórt gil og þar fyrir framan eru hjallar er nefnast Jókuhjallar. Þar er mjög góð skíðastökkbraut frá náttúr-unnar hendi og hafa Ólafsfirskir stökkvarar oft notað hana þegar lítill snjór er í byggð. Þegar komið er vel inn fyrir Jókuhjalla eru Rauðskörð á hægri hönd, tvö skörð eru í fjallseggina og er Rauðskarð fremra og hærra skarðið, en skarðið nær Hrafnaskál heitir Loftskarð og ef farið er þar um er komið niður í botn Víkurdals. Sú leið er mun erfiðari en að fara Rauðskörð. Best er að fara vel inn fyrir skarðið og ganga síðan hlíðina til norðurs upp á klettahausa sem þar eru. Bratt er upp í skarðið en þó ágætt að fara ef rétt leið er farin. Þegar staðið er í skarðinu er fagurt útsýni til Kleifa og austan fjarðarins blasir Múlinn við.

Niður í Víkurdal er greiðfært og komið er fyrst niður í skál allstóra; í henni er stór steinn þar sem menn hvíla sig gjarnan. Frá steini þessum rennur lækur sem fylgja átti þegar farið er niður úr skálinni. Gangan til Víkur í Héðinsfirði tekur um fjóra tíma.

### Fossdalur

Ein er sú leið frá Kleifum sem vert er að skoða en það er leiðin út í Fossdal sem liggur ystur af dölum Ólafsfjarðar. Dalurinn er umlukinn þverhníptum björgum og er þeirra mest Hvanndalabjarg, en á brúnum þess eru héraðsmörk Ólafsfjarðar að norðan. Við fyrstu sýn virðist dalurinn algjörlega lokaður en þó eru leiðir upp úr honum til Hvanndala.

Þegar gengið er í Fossdal er farið frá Ytri-Á og gengið norður með hlíðum Arnfinnsfjalls. Gengið er á velgrónu landi þar sem mest ber á lyngi og kjarrgróðri enda er þar eitt besta berjaland Ólafsfjarðar. Gangan er létt, fylgt er kindaslóðum. Víða eru gil á leiðinni en þau eru mjög vel fær enda slóðir markaðar í þau. Eftir um eins tíma göngu er komið út að vita sem staðsettur er í mynni dalsins, uppi á svonefndum Sauðhólmel. Eftir dalnum rennur á og fellur fram af bjargbrúninni í sjó fram. Ber dalurinn og áin nafn af þessum fossi sem sést vel af sjó.

Göngubrú er að öllu jöfnu yfir ána en hún getur verið vatnsmikil á vorin enda snjóþungt í dalnum. Um tvær leiðir er að velja til að komast á Hvanndali: Stuttaleið og Vestaravík, stundum nefnt Langaleið. Vegna þess hve Stuttaleið er vandrötuð verður henni ekki lýst hér. Þegar farið er Vestaravík er farið fram í dalbotninn. Gengið er upp brattan hjalla, síðan upp aflíðandi drag og við blasir nú Hvanndalsbotn.

Sýrdalur er lítið dalverpi á milli Hvanndals og Hvanndalabjargs. Í Sýrdal er gengið af Hvanndölum upp í svonefnda Selskál og er hún sérstæð náttúrusmið, berghamrar nær á alla vegu, lítil tjörn og í kringum hana grasigrónir balar. Bergmál er mikið í skálinni. Ganga til Hvanndala tekur um fjóra tíma.

# Hvanndalir og Héðinsfjörður

*eftir P. Ragnar Jónasson*

## Hvanndalir


Hrikabjörgin vestan Ólafsfjarðar eru mjög tilkomumikil að sjá þegar farið er veginn um Ólafsfjarðarmúla. Þar heita þau hæstu Arnfinnsfjall (854 m) og Hvanndalabjörg (755 m), þverhnipt standberg í sjó fram vestan við Ólafsfjörð, en að austan „teygist hinn myrki múli fram, minnst við boðaföllin“ einsog prófessor Jón Helgason orðaði það. Norðan undir Hvanndalabjargi eru Hvanndalir og norðan þeirra Hvanndalabyrða (624 m) og Hvanndalaskriður sæbrattar en þó færar fyrir gangandi menn við góð skilyrði. Háir sjávarbakkar eru fram undan dölunum, tæpar lendingar og uppsátur örðugt. Um Víkurbyrðu, sem liggur bak við eða vestan við Hvanndali, er leið yfir í Héðinsfjörð til Víkurdals.

Hvanndalir eru þrjú daladrög. Yst er Hvanndalur, út úr honum að sunnan er lítið dalhvolf sem nefnt er Selskál og syðst Sýrdalur sem er grynstur, aðeins slakki niður á bak við Hvanndalabjörg. Milli Sýrdals og Hvanndals er lágur fjallsrani sem heitir Hádegisfjall og sunnan við Selskál gnæfir hvassbrýndur hamratindur sem heitir Miðdegisfjall eða Miðdegishyrna.

Hádegisfjall er nyrsti hluti Hvanndalabjargs. Vestast í því við efri enda Sýrdals er lítil gjá eða einskonar hlið sem farið er um úr aðaldalnum. Þar var fyrir óralöngu gerður lítill grjótgardur sem lokaði alveg fyrir þennan hömrum girta dal. Þar voru áður fyrr meðan ennþá var byggð í Hvanndölum geymd fráfernálömbin og var þetta því einskonar afréttur og litli grjótgardurinn einskonar afréttargirðing, líklega sú stysta á landinu. Í Jarðabók Árna og Páls segir um Hvanndali að nokkrir segi „það hafi að fornu heitið Fanndalir“. Inni í slíkum fjallasal safnast miklar fannir að vetri til en fram á bökkunum var snjólétt og þarna eru annáluð landgæði fyrir sauðfé.

Í Hvanndölum er staður sem heitir Ódáinsakur. Þar voru talin vaxa lífgrös og sá sem þeirra neytti gat ekki dáíð. Stóð áður bær hjá Ódáinsakri en hann lagðist í auðn og var fluttur á annan stað vegna þess að menn töldu sig ekki geta búið við slík örlög.

Hvanndalir eru mjög einangraður útkjálki. Stopul byggð var þar og flestir sem þar bjuggu voru aðeins fá ár í senn. Var því býli þetta oft í eyði svo árum og áratugum skipti. Árið 1896 keypti hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps jörð þessa af bóndanum í Hvanndölum til þess að útiloka manna-



*Hvanndalaskriður.*

HPI 1987

*Þrjár leiðir á landi töldust fyrrum mannfærar til Hvanndala: Frá Ólafsfirði um Fossdal (raunar ýmist úr dalnum neðanverðum og upp brún Hvanndalabjargs eða úr dalbotninum ofan bjargsins); frá Héðinsfirði úr Víkurdal og yfir Víkurbyrðu, en þriðja leiðin var út með Héðinsfirði og um Hvanndalaskriður. Áð vetrarlagi eru þær allar illfærar eða alófærar. Skriðurnar eru ekki færar gangandi manni lengur efur að sauðfé hætti að troða þar slóða.*

byggð þar. Um áratug síðar var jörðin seld bónda í Ólafsfirði. Fyrr á árum notuðu Ólafsfirðingar Hvanndali til heyskapar og var þá legið þar við í tjöldum á meðan á heyskap stóð. Erfitt hefur sennilega oft verið að flytja heyið þaðan en þarna er ákaflega grösugt.

Þar sem Hvanndalir eru fyrir opnu hafi og háir klettabakkar eru framundan þeim er hætt á sjóslysum þar þegar veður breytist snögglega. Enda hafa slys orðið þar, bæði við setningu og lendingu báta. Átakanlegt sjóslys varð í svokölluðum Sýrdalsvogum árið 1783 er þrjár bátar fórust þar og af þeim ellefu sjómenn. Var það vegna skyndilegs ofveðurs sem skall á er þeir voru við veiðar undir bjarginu. Þarna er mjög brimasamt ef eitthvað er að veðri. Nú er í Hvanndölum björgunarskýli Slysavarnafélags Íslands, þeim til bjargar sem lenda í hrakningum þarna svo langt frá mannabyggðum.

Af hamrafjöllum Hvanndala er við útsýn austur með Norðurlandi, alla leið til Melrakkasléttu, og Látraströnd austan Eyjafjarðar blasir við. Til norðurs sér út yfir Grímseyjarsund og til Grímseyjar. Inn til landsins taka



*Horft niður í Hvanndal.*

SH

*Óddínsakur er sunnan árinna (hægramegin); bærinn var fluttur norður fyrir á. Þar er nú björgunarskýli. Meðfram sjónum eru allháir klettur og sjávargatan næsta torgeng. Var er ekkert við Hvanndali né nokkurt skjól fyrir opnu hafi. Í land verður ekki komist nema vindur sé suðlægur eða logn. Þarna eru norðan- og norðaustanáttir ríkjandi, og er því sjóleiðin til Hvannstala iðulega ófær vikum og mánuðum saman.*

við óreglulegar fjallastrýtur og klettahyggir með hjarnfönnum. Er þetta allt hið hrikalegasta landslag sem virðist vera ógreiðfært í hæsta máta og ekki árennilegt, og varla öðrum fært en fuglinum fljúgandi einsog sagt var í ævintýrunum. Eitthvað verða menn þó að fara um þetta svæði vegna fjárla.

Í Hvanndalabjörgum er sagt að sé mikil tröllabyggð:

Rísa þar gegn norðrinu risaleg fjöll.

Hvergi eru meiri og magnaðri tröll.

Svo segir Jón Trausti í kvæðinu Konan í Hvanndalabjörgum sem hann orti eftir þjóðsögu um konu er hvarf í Hvanndalabjörg frá bónda sínum í Málmei á Skagafirði. Saga þessi er til í fleiri en einni gerð, en hér verður rifjað upp aðalefni sögunnar í þeirri gerð sem skáldið notar.

Maður konunnar hét Jón, bjuggu þau í Málmei og hvarf konan frá honum aðfararkvöld jóla. Leitaði þá Jón bóndi til prests síns, séra Hálfðanar

Narfasonar (d. 1568) á Felli í Sléttuhlíð, til þess að hafa uppi á konunni. Varð úr að séra Hálfðan reið láð og lög með Jón bónda fyrir aftan sig og segir svo frá för þeirra í Þjóðsögum Jóns Árnasonar:

Nú halda þeir áfram fyrir framan Siglufjörð og Siglunes og svo fyrir framan Héðinsfjörð, uns þeir koma að Hvanndalabjargi vestan við Ólafsfjörð. Þar nemur prestur loks staðar framan undir bjarginu. Er þar að sjá einsog stór hurð í bjarginu; lýkst hún upp og koma þar út tvær tröllkonur, mjög stórar og allar helbláar; leiða þær milli sín þriðju tröllkonuna, sem er nokkru minni, en öll líka helblá, nema hvítur kross í enni. . . . „Þarna sérðu konuna þína, Jón.“ segir prestur. (III. s. 534-535)

Í Hvanndölum voru bræður þrír á dögum Guðbrands biskups Þorláks-sonar. Þeir voru „knálegir menn, og kunnu vel til á sjó, sterkir og hugaðir vel“ einsog segir í Árbókum Espólíns. Biskupinn fékk þá árið 1580 til að leita Kolbeinseyjar því hann taldi að einhverjar nytjar mætti af henni hafa. Frá för þeirra Hvanndalabráðra segir í Kolbeinseyjarvísu sem séra Jón Einarsson orti 1665 og prentaðar eru í ritinu Blöndu (I). Bræðurnir komust til Kolbeinseyjar í þriðju tilraun, ferndu skip sitt af fiski, eggjum og fugli; höfðu með sér til biskups langvíu, geirfugl og fyl.

### Héðinsfjörður

Næsta byggðarlag norðvestan við Hvanndali er Héðinsfjörður. Inn af fjarðarbotninum er fagur dalur, 5-6 kílómetra langur. Stórt silungsvatn, 1,7 ferkílómetrar að stærð, prýðir dalinn. Annars er þetta byggðarlag umgirt háum reginfjöllum á þrjá vegu, en til norðurs er opið hafið. Er örmjótt eidi milli vatnsins og sjávar, og mun vatnið upphaflega hafa verið sjávarlón. Þar er silungsveiði mikil og hefur verið ráðgert að hefja þar fiskirækt. Steindór Steindórsson segir m.a. svo í riti sínu Lýsing Eyjafjarðar:

Inn af vatninu eru allmiklar engjalettur; svo er einnig um neðanverðar hlíðar, að þar er vel gróið . . . með finnugsbollum, lynghjöllum og burknastóðum í lautum. Lítils háttar kjarraleifar eru í dalnum vestanverðum. — Fjöllin eru . . . hvassbrýndar hyrnur, með hömrum og skridum, en örmjóar eggjar og hryggir yfir til næstu dala. . . Hvarvetna rísa upp örmjóir klettahryggir, og standa upp úr þeim hvassar hamrastrýtur og hyrnur, en undir klettaveggjum dalskálanna sést í hjarnfannir, og dalirnir eru tilsýndar sem dökkar gjár milli hamraveggjanna. (s. 188-189)

Í Héðinsfirði voru á síðustu öld og fram á þessa venjulega fimm býli í byggð. Sagnir eru um að þau hafi áður verið fleiri en hinsvegar var Héðinsfjörður oft í eyði á liðnum öldum. Þessi byggð hafði margt til síns ágætis á meðan búið var þar á forna vísu. Þar er gróðursæld og landgæði mikil og ýmis hlunnindi önnur til lands og sjávar. En þarna er fræg snjóakista og



mjög erfiðar samgöngur á landi og sjó. Séra Jón Sveinsson segir í lýsingu sinni á Hvanneyrarprestakalli um miðja 19. öld:

Í Héðinsfirði er Vík helzta jörðin. Þó er þar mótak lítið og torfrista ill, en lengi hafa þar efnabændur verið, er þar landrými mikið, landkostir góðir og heyskapur nokkur, samt afli góður af sjó . . . við bæ þenna er og lending og þó allill vegna utanbrims og stórgrytis . . . og silungsveiði til muna úr stöðuvatni því, er Héðinsfjarðarvatn er kallað og er rétt fyrir innan fjarðarbotninn, ofan við sandrif eða malarkamb, er Víkursandur heitir. Undir Vík liggja og Innidrápsvogar inn með Hestfjalli handan Héðinsfjarðar, er þar kópaveiði á vorum, hún er og rekajörð góð. (s. 42-43)

Síðasti bærinn í Héðinsfirði, Vík, fór í eyði árið 1951. Flestar hinna jarðanna í firðinum voru þá fyrir löngu í auðn farnar. Nú er í Vík björgunarskýli Slysavarnarfélagsins, byggt árið 1966. Snjóflóðahætta er þarna mikil og hafa orðið af þeim sökum mörg banaslys og mikið fjártjón.

Vestan Víkurbyrðu (806 m) er Víkurdalur. Eftir honum rennur lítil á sem kölluð er Víkurá. Vestan dalsins er hár fjallstindur, Víkurhyrna (822 m). Gengur það fjall fast að horni fjarðarins allbratt og heita þar Víkurkleifar. Fram undan Víkurdal er framhlaup allt í sjó fram sem heitir Víkurhólar. Þar norður af er Víkurströnd.

Úr Víkurdal er hægt að fara um Rauðsskarð yfir í Ólafsfjörð. Er þá komið niður í Árdal. Þar er einnig annað skarð sem einnig er fært og heitir Loftsskarð. Milli þessara skarða er Rauðsskarðshnjúkur (734 m).

Næsti bær fyrir innan Vík var Vatnsendi sem stóð við suðurenda hins mikla stöðuvatns. Í fjallinu ofan bæjarins eru Vatnsendahnjúkar og á milli þeirra Vatnsendaskál. Úr henni er gönguleið til Ólafsfjarðar. Innsti bærinn að austan í Héðinsfirði hét Möðruvellir og skammt þaðan, nokkru utar, Grundarkot. Í fjöllunum upp af Möðruvöllum er allhár hnjúkur sem kenndur er við bæinn og heitir Möðruvallahnjúkur (648 m). Þar inn frá fjallinu er Möðruvallaháls. Yfir hann er aðalvegaslóðin til Ólafsfjarðar. Norðan Möðruvallahnjúks er Möðruvallaskál. Þar er skarð í fjallið austan hennar og er þar einnig gönguleið til Ólafsfjarðar, kölluð Fossabrekkuleið.

Býlið Ámá var innst í Héðinsfirði að vestan. Vesturhlíð dalsins mestöll tilheyrir þessari jörð. Fyrir dalbotni Héðinsfjarðar rís Ámárhyrna (618 m). Austan hennar er Sandskarð. Þar var farið yfir í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði. Vestan Ámárhyrnu er Ámárdalur og vestur úr honum er Hólsskarð, í 630 m hæð. Um það er brött og grýtt leið til Siglufjarðar en þó fær með hesta. Hagalönd eru mikil og góð, og góðar engjar innst í Ámárdalnum og við hlíðarrætur.

Á fjórtánda öld eignaðist Hólastóll mikil ítök í Héðinsfirði. Árið 1388 voru reknir þangað 70 gamlir uxar, en yngri uxar, margar kvígur og griðungar á Lágheiði, samkvæmt reikningum Hólastaðar sem prentaðir eru í



Séð út Héðinsfjörð

ÁG 1989

úr brekkunum fyrir neðan Hestsкарð á gönguleiðinni frá Siglufirði. Víkursandur er á miðri mynd, ofar til hægri er Víkurhryna, til vinstri Víkurbyrða, á milli Víkurdalur. Úr dalnum liggja leiðir til Ólafsfjarðar. Yfir Víkurbyrðu má komast í Hvannðali.

Fornbréfasafni. Í minnisgrein frá 1572-74 í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar er upptalning á nautum sem rekin voru á afrétt. Er þar sagt að 20 naut hafi verið rekin í Héðinsfjörð. Þá átti biskupsstóllinn 135 naut. Þetta hefur verið til mikilla óþæginda fyrir það fólk sem þá hefur búið á innstu bæjunum og trúlega hafa einhverjir haft beyg af þessari hjörð sem gat orðið óþægileg ef um mannyga uxa og gríðunga var að ræða.

Í fjallinu norðan Ámárdals eru skálar nokkrar og heita þær Beinaskál, Fólaldaskál og Fýlaskálar. Þar norðan við er Hestsкарð. Um það er stutt leið til Siglufjarðar og var tíðfarin. Þetta er brattur vegur og þar er snjóflóðahætta, svo sem víða annars staðar þar sem leiðir liggja milli fjallahnjúka og um brattar fjallahlíðar. Eru sagnir um mörg dauðsföll á þessum fjallaslóðum og úr firðinum af völdum slíkra náttúruhamfara.

Vestan við sjálfan Héðinsfjörð er Hestfjall. Það er flugbratt og skriður í sjó niður og klettarið. Sumstaðar eru þó gróðurtorfur sem sauðfé sækir í. Er oft mjög örðugt að ná því og þurft hefur að skjóta kindur sem komist hafa í bjargarþrot og ekki verið hægt að ná þaðan. Austan í Hestfjalli, skammt norðan Hestsкарðs, en upp frá norðvesturhorni Héðinsfjarðar-

vatns er gildrag allt ofan úr háfjalli nefnt Góðagjá. Þarna er leið yfir fjallið í botn Reyðarárdals, nú Nesdals, vestan við fjallið.

Austan í Hestfjalli, norðarlega, varð hörmulegt flugslys vorið 1947 þegar vél í áætlunarflugi frá Reykjavík til Akureyrar rakst á fjallið í svarta þöku. Slysíð varð í svokölluðum Vogatorfum en það er eiginlega eini staðurinn þarna í fjallinu þar sem flugvélarflakið gat stöðvast. Annars staðar er víðast hvar þverhnípi, hömrótt með skriðum. Þarna fórust alls 25 manns, fjögurra manna áhöfn og tuttugu og einn farþegi.

# UPPLÝSINGAR

---

## Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar

Aðalgötu 14

Opið alla daga nema mánudaga kl. 14.00-17.00,  
1. júlí - 31. ágúst.

Hægt er að fá opnað fyrir hópa á öðrum tíma.

Upplýsingar í síma 466 2651, hs. 466 2207.

---

## Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar

Sundlaug

Mánudaga - föstudaga kl. 07.15-20.00

Laugardaga - sunnudaga kl. 09.00 - 17.00.

---

## Skíðadeild Leifturs

Gönguferðir

Skipulagðar gönguferðir í samvinnu við  
ferðamálaráð á sumrin.


Upplýsingar í síma 466 2207.

---

Stuðningur  
við sjóðinn  
er stað

framtíðarinnar

Göngum vel  
um landið



SPARISJÓÐUR ÓLAFSEFJARÐAR